

1. fundur aðalstjórnar Vestra árið 2022

Fjarfundur mánudaginn 14. mars 2022, kl. 17.15

Mætt voru: Guðfinna Hreiðarsdóttir, Hjalti Karlsson, Jóna Lind Karlsdóttir, Hlynur Reynisson, Sólrún Geirsdóttir og Gísli Jón Hjaltason. Svavar Þór Guðmundsson mætti sem gestur í umræðum um fyrsta dagskrárlið.

1. Knattspyrnuhúsið. Formaður greindi frá því að á fundi bæjarráðs í morgun, mánudaginn 14. mars, hefði eftirfarandi verið bókað um byggingu fjölnota knattspyrnuhúss á Ísafirði:

„Á 1189. fundi bæjarráðs, þann 28. febrúar 2022, var lagt fram erindi Svavars Þórs Guðmundssonar, formanns knattspyrnudeildar Vestra, dags. 18. febrúar 2022, þar sem óskað er eftir viðræðum við Ísafjarðarbæ um byggingu fjölnota íþróttahúss og undirritun viljayfirlýsingar Vestra og Ísafjarðarbæjar um verkefnið. Bæjarstjóra var falið að gera drög að viljayfirlýsingu Ísafjarðarbæjar og Vestra um byggingu fjölnota íþróttahúss, og leggja fyrir bæjarstjórn til samþykktar. Er nú lögð fram viljayfirlýsing Ísafjarðarbæjar og Íþróttafélagsins Vestra um byggingu fjölnota íþróttahúss (knaðthúss) á Torfnesi á Ísafirði.“

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja viljayfirlýsingu Ísafjarðarbæjar og Íþróttafélagsins Vestra vegna byggingar fjölnota íþróttahúss (knaðthúss) á Torfnesi á Ísafirði, og að bæjarstjóra verið falið að vinna málið áfram með Íþróttafélaginu. Bæjarráð felur bæjarstjóra jafnframt að kalla eftir afstöðu HSV gagnvart viljayfirlýsingunni.“

Munu næstu skref í málinu vera að kalla eftir afstöðu HSV og leggja fyrir bæjarstjórn, ásamt því að leggja viljayfirlýsinguna fyrir bæjarstjórn til samþykktar. Næsti fundur bæjarstjórnar er fimmtudaginn 17. mars 2022.

Svavar Þór Guðmundsson, formaður knattspyrnudeildar Vestra, kom á fundinn og gerði grein fyrir málinu, þ.e. í hvað ferli það væri, hvernig hús menn væru að hugsa um og hver áætlaður kostnaður væri.

2. Aðalfundur. HSV búið að boða ársþing 4. maí nk og er frestur til að skila inn skýrslum um miðjanm apríl, eða í kringum páska. Allar deildir Vestra eiga enn eftir að halda sína aðalfundi en knattspyrnudeild hefur boðað sinn fund 16. mars nk. Var ákveðið að aðalfundur aðalstjórnar Vestra yrði haldinn mánudaginn 25. apríl að öllu óbreyttu. Sólrún, Gísli Jón og Guðni eru að ljúka tveggja ára kjörtímabili og eru tilbúin að sitja áfram. Sólrún og Þorsteinn Þráinsson vilja gjarnan hætta ef hægt er að finna einhverja í þeirra stað en ef ekki þá eru þau tilbúin að vera áfram í stjórn.

3. Lottótekjur. Í janúar fékk Vestri greiddar lottótekjur fyrir september til desember 2021, 1.013.720 kr. og skv upplýsingum er búið að greiða það út til deilda.

4. Félagsaðstaðan Torfnesi - uppbyggingarsamningur. Formaður greindi frá því að í byrjun mars hefði borist póstur frá HSV þar sem tilkynnt var að aðildarfélög gætu nú sótt um uppbyggingarsamninga út frá þeim verkefnum sem eru í þarfagreiningu sem íþrótt- og tómstundanevnd vann út frá gögnum HSV. Skila þarf inn umsóknum fyrir 31. mars 2022. Í umræddri þarfagreiningu eru fjölmörg góð og þörf verkefni en endurbætur á efri hæð Vallarhússins eru ekki þar á meðal. Hjalti velti fyrir sér hvað hefði orðið um erindi sem hann sendi inn þar sem óskað var eftir nýjum uppbyggingarsamningi um þetta verkefni.

5. Merkjamálið. Formaður greindi frá því að tekist hefði að leysa merkjamálið svokallaða með farsælum hætti. Viðkomandi rekstraraðili lét hanna nýtt merki, sem þykir á allan hátt mun betra en hið fyrra, og tók Vestri þátt í þeim kostnaði sem af því hlaut, þ.e. hönnun og prentun. Traustur bakhjarl og velunnari félagsins hljóp undir bagga og styrkti félagið með fjárframlagi sem notað var til að binda endi á þetta leiðindamál sem af spratt mikil og heit umræða um tíma. **skráð sem vörumerki.**

6. Formgalli á umsókn um skráningu vörumerkis. Ábending barst frá Hugverkastofu um formgalla á umsókn um skráningu vörumerkis þar sem þótti vanta upplýsingar um hverjum væri heimilt að nota merkið. Formaður brást við þessu og sendi umbeðnar upplýsingar og hefur ekkert frekar heyrt af málinu.

7. Nýtt rafrænt kerfi fyrir starfsskýrsluskil. Samkvæmt upplýsingum frá Guðna verða starfsskýrsluskil á þessu árin í nýju kerfi frá fyrirtækinu Abler og mun það leysa af hólmi starfsskýrsluskil í Felix, félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ. Með nýju kerfi eiga skil félaga að vera skilvirkari og einfaldari en áður. Enginn kostnaður verður við þennan hluta kerfisins en líklegt að greiða þurfi fyrir aðra hluta sem snúa beint að starfsemi félaganna.

8. Viðbragðsáætlun Vestra. Formaður rifjaði upp að á síðustu fundum hefur verið rætt um viðbragðsáætlun og mikilvægi þess að hún sé sýnileg á vefsíðu félagsins. Hjalti ætlaði að skoða þetta og reyna að sjá til þess að viðbragðsáætlunin væri aðgengileg.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.30.